

**Nd.** **328. Breytingartillögur** [158. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 75 14. september 1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar (PP, FrS, HBl, ÓE, GB).

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:

Eftirtaldar breytingar verði á 30. gr. laganna, sbr. 1. gr. laga nr. 119/1984 og 1. gr. laga nr. 121/1984:

1. Í stað „800 000 kr.“ í 2. másl. 9. tölul. A-liðs 1. mgr. komi: 1 468 800 kr.
2. Í stað „31 250 kr.“ og „62 500 kr.“ í 1. másl. 2. tölul. B-liðs 1. mgr. komi: 57 375 kr. og 114 750 kr.
3. Í stað „25 000 kr.“ og „50 000 kr.“ í 2. másl. 4. tölul. B-liðs 1. mgr. komi: 45 900 kr. og 91 800 kr.
4. Í stað „180 kr.“ í 1. másl. 1. tölul. C-liðs 1. mgr. komi: 330 kr.
5. Í stað „31 880 kr.“ í 1. másl. 1. mgr. 3. tölul. C-liðs 1. mgr. komi: 58 530 kr.
6. Í stað „19 500 kr.“ í 2. másl. 4. tölul. C-liðs 1. mgr. komi: 35 800 kr.
7. Í stað „4210 kr.“ í 2. másl. 3. tölul. D-liðs 1. mgr. komi: 7730 kr.
8. Í stað „159 380 kr.“ og „318 760 kr.“ í 1. másl. 1. mgr. 1. tölul. E-liðs 1. mgr. komi: 292 600 kr. og 585 200 kr.

9. Í stað „630 kr.“ í 1. mgr. 2. tölul. E-liðs 1. mgr. komi: 1160 kr.
10. Í stað „35 000 kr.“ í 3. másl. 2. mgr. komi: 64 260 kr.
11. Í stað „5 000 000 kr.“ og „10 000 000 kr.“ í 3. másl. 3. mgr. komi: 9 180 000 kr. og 18 360 000 kr.
2. Við 2. gr. Greinin orðist svo:  
Í stað „45 000 kr.“ í 41. gr. laganna, sbr. 2. gr. laga nr. 121/1984, komi: 82 600 kr.
3. Við 3. gr. Í stað „400 000 kr.“ komi: 412 200 kr., í stað „200 000 kr.“ komi: 206 100 kr. og í stað „800 000 kr.“ komi: 824 400 kr.
4. Við 4. gr. Greinin orðist svo:  
Í stað „34 705 kr.“ í 1. mgr. 68. gr. laganna, sbr. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 47/1985 og 4. gr. laga nr. 3/1986, komi: 58 370 kr.
5. Við 5. gr. Greinin orðist svo:  
Eftirtaldar breytingar verði á 1. mgr. 69. gr. laganna, sbr. 1.–3. tölul. 5. gr. laga nr. 121/1984:
  1. Í stað „7500 kr.“ og „11 250 kr.“ í 2. másl. komi: 12 625 kr. og 18 910 kr.
  2. Í stað „15 000 kr.“ í 3. másl. komi: 25 250 kr.
  3. Í stað „7500 kr.“ í 4. másl. komi: 12 625 kr.
6. Við 6. gr.  
Í stað „24 500 kr.“ komi: 25 250 kr.  
Í stað „490 000 kr.“ komi: 505 000 kr.  
Í stað „840 000 kr.“ komi: 865 714 kr.  
Í stað „334 050 kr.“ komi: 344 250 kr.  
Í stað „684 050 kr.“ komi: 704 964 kr.
7. Við 7. gr. Greinin orðist svo:  
Í stað „312 500 kr.“ og „625 000 kr.“ í 2. másl. 78. gr. laganna, sbr. 14. gr. laga nr. 8/1984 og 6. gr. laga nr. 121/1984, komi: 573 700 kr. og 1 147 400 kr.
8. Við frv. bætist svohljóðandi

#### **Ákvæði til bráðabirgða.**

Við álagningu tekjuskatts á árinu 1987 vegna tekna ársins 1986 skulu skattskyldum aðilum samkvæmt 1. mgr. 2. gr. heimil tillög í varasjóð í stað tillaga til fjárfestingarsjóðs samkvæmt 11. tölul. 31. gr. Hámark varasjóðstillags þessara aðila skal vera 25% af þeirri fjárhæð sem eftir stendur þegar frá tekjum samkvæmt II. kafla hafa verið dregnar þær fjárhæðir sem um ræðir í 1.–10. tölul. 31. gr. Öll ákvæði laga nr. 75/1981 varðandi varasjóð skulu gilda varðandi þessi varasjóðstillög uns varasjóði hefur verið ráðstafað að fullu.